



## 125. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 24 ágúst 2016 kl.10.30 í Leifsbúð í Búðardal.

Mætt voru; Kristín Björg Árnadóttir, Rakel Óskarsdóttir, Eggert Kjartansson, Magnús Smári Snorrason, Ása Helgadóttir, Árni Hjörleifsson, Eypór Garðarsson, Guðveig Eyglóardóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Hilmar Hallvarðsson og Ingveldur Guðmundsdóttir. Valgarður Jónsson boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins: Ólafur Sveinsson undir lið nr. 9, Erla Björg Þorgeirsdóttir undir lið nr. 12 og Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi Vesturlands.

Kristín Björg Árnadóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.30.

### 1. Framlögð fundargerð frá 124 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 124 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningsamgöngur

- a. Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV fyrstu sjö mánuði ársins 2016.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrarstöðu almenningsamganga tímabilið jan.-júlí. Afkoman eftir fyrstu sjö mánuði ársins er lakari en árið 2015 og ljóst að farþegum á leið 57 hefur fækkað frá fyrra ári. Samt sem áður standa væntingar til að reksturinn verði í jafnvægi á árinu 2016.

- b. Framlögð svör Vegagerðinnar við fyrirspurn SSV um fjárveitingar til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna rekstrarvanda.

Lagt fram. Í rökstuðningi Vegagerðinnar kom fram að úthlutun fjármagns var fyrst og fremst ætlað að lækka þær skuldir sem safnast hafa upp hjá sumum landshlutasamtökum vegna reksturs almenningsamgangna, en ekki til að koma til móts við það tekjutap sem orðið hefur vegna niðurfellingar á endurgreiðslu olíugjalds.

- c. Framlögð drög að samningi við Rútuferðir ehf. vegna leiðar 86 á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við Rútuferðir ehf. vegna leiðar 86 frá Hellnum að Vegamótum. Samkvæmt áætlun verður ekið tvisvar í viku. Áætlað er að stuðningur sem fékkst frá Vegagerðinni vegna þessa tilraunaverkefnis muni standa undir rekstrarkostnaði ásamt áætluðum farþegatekjum. Fyrirhugað er að meta árangur af þessari tilraun fljótlega eftir áramót. Kristín Björg fagnaði því að þessi leið varð að veruleika og sagði það nauðsynlegt að þetta verkefni fái að þróast. Stjórn fagnaði því að kostnaður er lægri en lagt var upp með í upphafi. Framkvæmdastjóra falið að ljúka samningnum á þeim nótum sem lagt er til.

### 3. Vesturlandsstofa

Lagt fram minnisblað frá Kristjáni Guðmundssyni, forstöðumanni Vesturlandsstofu. Þar var farið yfir þau verkefni sem framundan eru og stöðuna á rekstri Vesturlandsstofu.

Í kjölfarið varð umræða um verkefni ferðaþjónustunnar og hvort og hvernig unnið sé að stefnumótun fyrir Vesturland og markaðssetningu svæðisins. Lífleg umræða skapaðist í framhaldinu.

### 4. Málefni fatlaðra

Lögð fram drög að skýrslu frá KPMG um rekstur málefna fatlaðra á Vesturlandi fyrir árin 2011 til 2016. Framkvæmdastjóri fylgdi drögum að skýrslu úr hlaði.

Eypór Garðarsson óskaði eftir að bóka eftirfarandi athugasemdir við framlagða skýrslu:

*„Við lestur skýrslu KPMG vakna nokkrar spurningar og ljóst að sú þjónusta sem á svæðinu er veitt er mjög mismunandi og sést best á glærinni á bls. 6. Augljóst er að á Snæfellsnesi hafa ekki verið til nægir fjármunir til að fara í sömu þjónustu og hefur verið gert á hinum svæðunum eins og t.d. búsetuþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Því stingur það í augum þegar það er síðan sagt á glæru 7 að fjármunir hafi verið til ráðstöfunar upp í stjórnunarkostnað hjá FSS og það látið líta þannig út að nægt fjármagn hafi verið til staðar sem var ekki, heldur hitt að nægt fjármagn var ekki til staðar og því var ekki hægt að fara út í að bjóða aukna þjónustu á svæðinu svo hún væri sambærileg því sem gert er í Borgarnesi og Akranesi. Þetta er mikilvægt að átta sig á þegar verið er að tala um ráðstöfun fjármuna, þ.e. ekki var farið í sambærileg verkefni á Snæfellsnesi (og Borgarnesi og Akranesi) því ef farið hefði verið í þau þá hefði orðið verulegur halli á rekstrinum. Þessi þáttur skiptir miklu þegar tekin er saman svona skýrsla, þ.e. að gerð sé grein fyrir ólíkri þjónustu á hverju svæði og það síðan borið saman við fjármunina sem veittir voru, þ.e. hver er skýringin að hlutfall fjármuna sem veittir voru fóru með mjög ólíkum hætti til rekstrar á hverju svæði.*

Páll ítrekaði að skýrslan er merkt „drög til kynningar“. Félagsþjónustusvæði geta nú farið yfir rekstrartölur hvert á sínu svæði og sent inn leiðréttingar ef þau telja að villur séu í drögunum. Rætt um mismunandi þjónustustig og vilja félagsþjónustusvæða til að gera meira fyrir sína skjólstaðinga.

### 5. Sóknaráætlun Vesturlands

Rætt um fund samráðsvettvangs Vesturlands sem er fyrirhugaður í Stykkishólmi þriðjudaginn 4 október n.k. Jafnframt rætt um tillögur að nýjum áhersluverkefnum fyrir árin 2017-2019. Lagt fram yfirlit yfir áhersluverkefni sem í gangi eru. Fjölgun iðnnema, efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu, menningarstefna Vesturlands, nýsköpun og frumkvöðlar. Vætanlega munu einhverjar verkefnisstjórnir óska eftir framlengingu á sínu verkefni, en það liggur ekki ljóst fyrir í dag. Samráðsvettvangur mun taka áhersluverkefni til umræðu á fundi sínum þann 4. október n.k.

### 6. Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi

Lögð fram samantekt um fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi vorið 2016 til Noregs.

## **7. Haustþing SSV 2016**

Lögð fram endurskoðuð drög að dagskrá fyrir haustþing SSV árið 2016 sem verður haldið þann 5. október n.k. í Stykkishólmi. Sérstakt þema á þinginu verður ferðaþjónusta. Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrárliði með stjórnarmönnum. Rætt um áherslur í dagskránni og voru fundarmenn nokkuð sammála um að lögð yrði áhersla á kynningu og umræður varðandi Samgönguáætlun Vesturlands. Páli falið að útfæra dagskrána út frá umræðum fundarins.

Stjórnarfundur verður haldinn 4. okt. kl. 18.

## **8. Samgönguáætlun Vesturlands**

Framlagðar fundargerðir frá fundum vinnuhóps um samgönguáætlun Vesturlands. Rakel Óskarsdóttir benti á mikilvægi þess að aðgengi verði gott að bakgögnum. Nefndi hún sérstaklega aukningu umferðar. Benti hún á að aukning umferðar er mest til og frá Vesturlandi, miðað við leiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Ólafur Sveinsson kom inn á fundinn.

## **9. Atvinnuráðgjöf Vesturlands**

- a. Lagt fram minnisblað frá fundum framkvæmdastjóra SSV og forstöðumanni atvinnuráðgjafar með fulltrúum sveitarstjórna á Vesturlandi um starfsemi atvinnuráðgjafar.**

Ólafur Sveinsson fylgdi úr hlaði minnisblaði. Rakel ítrekaði óskir Akurnesinga um aukinn sýnileika atvinnuráðgjafar Vesturlands á Akranesi.

- b. Rætt um starfsmannamál atvinnuráðgjafar.**

Einar Eyjólfsson, sem hefur verið í námsleyfi sl. ár, mun ekki koma til starfa að nýju þar sem hann mun áfram dvelja erlendis. Óskað er eftir heimild til að auglýsa eftir atvinnuráðgjafa í 100% starf. Samþykkt.

## **10. Stefnumótun fyrir SSV**

Rætt um mögulega vinnu að stefnumótun fyrir SSV. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögur að stefnumótunarferli á fundi stjórnar í nóvember.

## **11. Menningarstefna Vesturlands**

Elísabet Haraldsdóttir menningarfulltrúi fór yfir drög að Menningarstefnu fyrir Vesturland. Menningarstefnunni er ætlað að mynda grunn fyrir ákvarðanatöku SSV í menningarmálum, þ.m.t. við úthlutun verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Einnig er stefnunni ætlað að styðja við menningarstefnu sveitarfélaganna í fjórðungnum. Elísabet þakkaði öllum þeim sem komið hafa að mótun menningarstefunnar fyrir samstarfið en þrettán manns sátu í verkefnisstjórn auk starfsmanna SSV, auk þess sem ráðgjafafyrirtækið UMÍS stýrði vinnunni við stefnumótunina.

Drög að Menningarstefnu Vesturlands verða send sveitarstjórnnum og á haustþingi verður hún tekin til umfjöllunar.

## **12. Orkumál**

Á fundinn mætti Erla Björk Þorgeirsdóttir frá Orkustofnun og kynnti áherslur stofunarinnar varðandi uppbyggingu og skipulag á raforkuvinnslu. Markmið með heimsókn Erlu er að óska eftir samtali við sveitarfélög um stöðu raforkumála á landsbyggðinni og vekja athygli á því hversu brothætt flutningskerfi raforku er orðið og hve þverrandi möguleikar á uppbyggingu atvinnulífs eru orðin. Líflegar umræður urðu um framsögu Erlu.

## **13. Framlögð mál**

### **a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.**

Lagt fram.

### **b. Frásögn formanns af fundi með sveitarstjórnarvettvangi EFTA.**

Kristín Björg fór yfir fund sem haldinn var í Stykkishólmi í byrjun júní.

### **c. Sorpurðun Vesturlands**

Hrefna B. Jónsdóttir greindi frá bruna sem varð í urðunarrein í Fíflholtum nýverið og fór yfir hvernig staðið var að slökkvistarfi.

### **d. Fundir stjórnar árið 2017**

Formaður lagði til að fundir stjórnar yrðu haldnir á skrifstofu SSV í Borgarnesi árið 2017. Frá árslokum 2014 og fram til dagsins í dag hefur verið fundað í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og nú er þeirri hringferð lokið.

Tillaga formanns var samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:15.